

Stofnanasamningur
Fiskistofu annars vegar og
Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) hins vegar

1. Gildissvið

Samningur þessi gildir um félagsmenn í Félagi íslenskra náttúrufræðinga sem ráðnir eru til starfa hjá Fiskistofu. Samningurinn er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra dagsettur 26. janúar 2001, samkomulagi um breytingar á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og FÍN, dagsett 18. mars 2005 og samkomulagi um breytingar á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og FÍN, dagsett 28. júní 2008.

2. Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi meginmarkmið stofnanasamnings:

- a. að launakerfið verði sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti,
- b. að launakerfið verði starfsmönnum hvatning til markvissari vinnu og til aukinna afkasta
- c. að launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp starfmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna,
- d. að starfsmenn geti samið við yfirmenn um að fastar greiðslur sem ekki eru hluti af grunnlaunum verði teknar inn í föst laun,
- e. að reglubundið frammistöðumat fari fram.

3. Grunnröðun

Við röðun starfa í samræmi við ákvæði samnings þessa skal miða við að um sé að ræða viðvarandi stöðugt verksvið. Því til viðbótar koma persónubundnir þættir sem ráðast af þeim einstaklingum sem gegna starfinu hverju sinni.

Ráða skal í launaflokka í samræmi við ábyrgð og umfang verkefna samkvæmt hlutlægum mælikvörðum ef unnt er. Ákvörðun sem tekin er um hvaða þættir í samningnum hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa í gildi vísireglu gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis. Störfum skal ráðað eftirfarandi í launaflokka í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu. Starfsreynsla er skilgreind sem samantölgð vinna starfsmanns við sitt fræðasvið óháð vinnustað. Starfsreynsla áunnin við skammtímaráðningu skal einnig teljast að fullu.

3.1. Starfsheiti

3.1.1. Sérfræðingur 1:

Vinnur störf undir daglegri umsjón annarra. Starfar við verkþætti eða verkefni sem krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar.

3.1.2. Sérfræðingur 2:

Hefur umsjón með ákveðnum verkefnum eða mörgum smærri verkþáttum og ber faglega ábyrgð á þeim.

3.1.4. Sérfræðingur 3:

Hefur yfirumsjón með viðamiklum verkefnum eða málaflokkum og ber faglega ábyrgð á þeim. Ber ábyrgð á verksviði sínu gagnvart deildarstjóra/forstöðumanni. Tekur þátt í öflun upplýsinga og áætlanagerð í samráði við deildarstjóra/forstöðumann.

3.1.5 Deildarstjóri:

Hefur umsjón með og ber ábyrgð á starfi starfsmanna, sem undir hann heyra. Tekur þátt í stefnumótun, öflun upplýsinga og áætlanagerð í samráði við forstöðumann. Fer með yfirstjórn þeirra verkþátta er falla undir deildina, ber faglega ábyrgð á starfsemi deildarinnar og gætir þess að markmiðum stofnunar sé framfylgt.

3.1.6 Forstöðumaður:

Hefur umsjón með og ber ábyrgð á starfi starfsmanna sem undir hann heyra. Sér um skipulagningu sviðsins og samhæfingu við meginmarkmið Fiskistofu. Ber ábyrgð á starfsemi sviðsins og sér um samskipti Fiskistofu á sínu sviði við aðrar stofnanir og samtök innanlands og utan.

HSV

KD.
Sö

3.2. Grunnröðun í nýju launakerfi

Störf raðast að lágmarki með eftirfarandi hætti og hefur þá ekki verið tekið tillit til einstaklingsbundinna þátta.

Sérfræðingur 1 grunnraðast í launaflokk 7

Sérfræðingur 2 grunnraðast í launaflokk 12

Sérfræðingur 3 grunnraðast í launaflokk 16

Deildarstjóri grunnraðast í launaflokk 19

Forstöðumaður grunnraðast í launaflokk 23

Staðgengill forstöðumanns raðast a.m.k. 2 launaflokki ofar en ella.

4. Mat á einstökum þáttum

4.1. Menntun

Grunnröðun starfa er miðuð við þriggja ára háskólanám sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu.

Starfsmenn með BSc honour (120 ein) eða sambærilegt skulu raðast 2 launaflokki hærra en ella.

Starfsmenn með meistaraþróf eða sambærilega gráðu skulu raðast 3 launaflokkum hærra en ella.

Starfsmenn með doktorsþróf eða sambærilega gráðu skulu raðast 5 launaflokkum hærra en ella.

Starfsmenn með próf í tveimur aðalgreinum sem nýtast í starfi, skulu þessu til viðbótar raðast 1 launaflokki hærra.

4.2 Viðurkennd námskeið

Endurmenntun sem nýtist í starfi skal metin til allt að 3 launaflokka.

4.2.1 Þátttaka í námskeiðum eða fagráðstefnum vegur minnst 1 og mest 5 einingar. Við bætast allt að 3 einingar sé þátttakandi fyrirlesari eða taki annan slíkan þátt í fagráðstefnu. Námsdvöl við stofnanir eða önnur skipulögð menntun á háskólastigi getur gefið allt að 10 einingum á önn. Ein eining er 6 námskeiðs- eða fagráðstefnustundir. Hverjar 20 einingar metast til 1 launaflokks.

4.2.2 Stofnunin skal halda yfirlit yfir námskeið starfsmanna þar sem fram kemur fjöldi eininga fyrir hvert námskeið og hvort þær hafi verið nýttar til kjarabóta. Starfsmaður skilar upplýsingum um tímafjölda sérhvers námskeiðs til stofnunar. Mat á námskeiði og einingum skal þá fara fram innan tveggja mánaða.

Starfsmenn hafa jafnan aðgang að námskeiðsupplýsingum sínum og fá yfirlit um þau sent árlega.

Verði námskeið metin með sambærilegum hætti með væntanlegu mælitæki skv. 5. grein þá fellur grein 4.2.1 niður.

4.3. Mat á hæfni og frammistöðu einstakra starfsmanna

Við röðun einstakra starfsmanna í launaflokka umfram það sem greint er í greinum 3 og 4.1-4.2 skal m.a. taka tillit til eftirfarandi einstaklingsbundinna þátta:

- starfsreynslu
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- starfsmaður sinnir fræðilegum athugunum á starfssviði stofnunarinnar t.d. með birtingu vísindalegra athugana
- starfsmaður getur sinnt starfi á fleiri en einu verkswiði innan Fiskistofu
- starfsmaður er áhugasamur í starfi
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir hæfni til að fræða og leiðbeina öðrum
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi
- starfsmaður aflar sér símenntunar, sem nýtist í starfi
- starfsmaður sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum

Höf

ES" 

4.4. Mat á einstökum störfum

Við röðun einstakra starfsmanna í launaflokka umfram það sem greint er í greinum 3 og 4.1-4.2 skal m.a. taka tillit til eftirfarandi starfsbundinna þátta:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið er umfangsmikið
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið.

5. Endurmat starfskjara

Aðilar eru sammála um að fulltrúar starfsmanna og yfirstjórn Fiskistofu vinni að gerð sérstaks mælitækis á störfum og frammistöðu starfsmanna í þeim tilgangi að tryggja málefnalegar ákvarðanir um launakjör starfsmanna eftir persónu- og starfsbundnum þáttum. Mælitæki þetta skal notað við endurskoðun starfskjara, sbr. 3. og 4. kafla, sem fara skal fram árlega fyrir 1. október ár hvert, í fyrsta sinn fyrir 1. október 2007.

Yfirmaður stofnunar gerir rökstudda grein fyrir matinu og fer yfir það með fulltrúa stéttarfélags/trúnaðarmanni til að jafnræðis og jafnréttis sé gætt.

6. Réttur til endurmat á röðun

Telji starfsmaður að honum hafi ekki verið rétt ráðað miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar, skv. 11. grein kjarasamnings.

7. Tímabundin vik frá verksviði

Sé starfsmanni falið tímabundið verkefni sem felur í sér meira umfang eða ábyrgð umfram reglubundið verksvið skal hann fá hækkun launa meðan á því stendur. Greitt skal samkvæmt þeirri ábyrgð sem starfið felur í sér og gerður um það sérstakur samningur. Hafi starfsmaður starfað lengur en 13 mánuði samfleytt á þessum kjörum verða þau varanleg.

8. Endurskoðun

Endurskoða skal samninginn á gildistímanum óski annar hvor aðilinn þess. Verði breyting á starfsemi stofnunar, eða meginverkefnum hennar, skal gerð nauðsynleg endurskoðun á honum.


Hafnarfjörður, 5. desember 2008

Fulltrúar Fiskistofu



Karítast Jónsdóttir


Þórður Ásgeirsson

Fulltrúar FÍN


Gunnar Örvarsson


Helga Sigurrós Valgeirsdóttir


Maríanna Helgadóttir